



Fundargerð

437. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
Þriðjudaginn 9. apríl 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson oddviti (II), Karl Kristjánsson (KK), Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Jóhanna Ösp Einarisdóttir(JÖE) og Ágústa Ýr Sveindóttir(ÁÝS) í forföllum Emblu Daggar B. Jóhannsdóttur (EDBJ) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 4 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og setti fund. Hann óskaði eftir að „fundargerð sveitarstjórnar frá 12. mars, fundargerð Fjallskilaneftndar frá 4. apríl og fundargerð Öldungaráðs frá 3. apríl“ verði teknar á dagskrá undir liðnum um fundargerðir og „styrkbeiðni frá Skíðafélagi Strandamanna“ undir önnur mál og „erindi frá Jóni Kjartanssyni“ undir önnur mál. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. 436. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps frá 12. mars 2019:

Fundargerð síðasta fundar tekin fyrir, samþykkt og undirrituð.

2. Skipulags-, húsnaðis- og hafnarnefnd frá 11. mars 2019:

Formaður fór yfir fundargerðina.

Liður 1. „breytt deiliskipulag við Hólatröð“. Tillagan hefur verið kynnt íbúum og eigendum nærliggjandi húsa og engar athugasemdir hafa borist. Sveitarstjórn samþykkir tillögu Landmótunar að breyttu deiliskipulagi við Hólatröð, dags. í apríl 2019 og felur sveitarstjóra að undirrita hana og auglýsa í B-deild stjórnartíðinda.

Liður 5. „Vatnsveitur“. Sveitarstjóri lagði fram kostnaðaráætlun varðandi borun eftir vatni á Hrafnanesi og 140 tonna vatnstanki fyrir Reykhóla frá Vatnsborun ehf. Sveitarstjóra heimilað semja um kaup á tanknum og semja við Vatnsborun ehf um borun eftir vatni. Jafnframt eru honum falið að kanna með fjármögnun og gera breytingartillögu við fjárhagsáætlun.

Liður 7. „Gjaldskrá fyrir Flateyjarhöfn“. Sveitarstjóri lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir Flateyjarhöfn.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

Liður 8. „Hellisbraut 40 - grenndarkynning“. Óveruleg breyting á byggingu við Hellisbraut 40 hefur verið kynnt nágrönnum og engin gerir ágreining við breytinguna.

Sveitarstjórn samþykkir að heimilt verði að byggja hús upp á tvær hæðir á lóðinni í stað húss á einni hæð.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

3. Mennta- og menningmálanefnd frá 5. apríl 2019:

Formaður fór yfir fundargerðina.

Liður 1. „Umsókn um stöðu skólastjóra“.

Sveitarstjórn staðfestir tillögu Mennta- og menningarmálanefndar og felur sveitarstjórna að ganga til samninga við Önnu Björgu Ingadóttur um ráðningu hennar í starf skólastjóra.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

4. Fjallskilaneftnd frá 4. apríl 2019:

Formaður fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. Öldungaráð 3. apríl 2019:

JÖE fór yfir fundargerðina.

Tekin fyrir tillaga að nýju erindisbréfi fyrir Öldungaráðið. Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu.

6. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk:

Lagt fram bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi nýja reglugerð um útgjaldajöfnunarframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að koma til móts við akstur fatlaðra í dreifbýli. Samþykkt að vísa málinu til skoðunar hjá félagsmálastjóra.

7. Ráðning slökkviliðsstjóra og skipulagsfulltrúa:

Sveitarstjóri kynnti að Þórður Már Sigfússon hefur verið ráðinn skipulagsfulltrúi Reykhólahrepps, Dala- og Strandarbyggðar, Árness- og Kaldrananeshreppa. Þá hefur Ívar Örn Þórðarson verið ráðinn slökkviliðsstjóri fyrir Reykhólahrepp, Dala- og Strandabyggð. Sveitarstjórn samþykkir ráðningarnar fyrir sitt leyti og býður þá velkomna til starfa fyrir sveitarfélagið.

8. Heimamenn - styrkbeiðni:

ÁÝS véc af fundi undir þessum lið. Lagt fram erindi Björgunarsveitarinnar Heimamanna um styrk sem nemur greiðslu fasteignagjalda af húsnæði hennar að Suðurbraut 5. Samþykkt samhljóða.

9. Umsókn um stofnframlög:

Sveitarstjóri kynnti umsókn um stofnframlög vegna fyrirhugaðra íbúðabygginga á vegum sveitarfélagsins sem verði í eigu húsnæðissjálfsveignarstofnunar.

10. Húsnæðissjálfsveignarstofnun:

Sveitarstjóra heimilað að ganga til samninga við nágrannasveitarlög um stofnun húsnæðissjálfsveignarstofnunar.

11. Bygging raðhúss við Hólatröð:

Sveitarstjórn fellur frá fyrri áformum um að bjóða út í alútboði byggingar íbúða á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi byggingu raðhúss við Hólatröð. Honum er heimilað semja við Hrafnshóla f.h. óstofnaðrar húsnæðissjálfsveignarstofnunar um byggingu raðhúss enda verði miðhúsið minnkað og kostnaður lækki sem því nemur. Sveitarstjóra falið að gera breytingar á fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 í samræmi við 12% hlutdeild sveitarfélagsins í stofnframlagi vegna íbúðanna fyrir næsta fund.

Samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir óskar bókað:

„Húsnæðisskortur hefur verið viðloðandi í Reykhólahreppi undanfarin ár. Sveitarstjórn hefur rætt um mikilvægi þess að byggja og stefnir þangað með fyrirætlunum um alútboð.

Fyrirliggjandi verksamningur við Hrafnshól stangast á við fyrri ákvarðanir um að bjóða út verkið við Hólatröð eins og áður var ákveðið.

Vanda þarf til verka í svona stórrí framkvæmd og telur undirrituð það óábyrgt að samþykkja verksamning við Hrafnshól áður en búið er að skoða aðra kosti líka.

Hinsvegar telur undirrituð brýnt að halda áfram fyrirhuguðum byggingaráformum og að skoða aðra kosti áður en ákvörðun er tekin.“

ÁHH óskar bókað:

„Ég samþykki það sem kemur fram hér að ofan, að sveitarstjóra sé heimilt að ganga til samninga við Hrafnshóla um byggingu á raðhúsi við Hólatröð.

Ég geri mér fyllilega ljóst að uppbygging og fjölgun íbúða eða húsa er mjög mikilvæg á Reykhólum. Sérstaklega þar sem mörg störf í sveitarfélaginu eru ómönnuð og ein ástæða þess er vöntun á íbúðum/húsum.

Ég vil hins vegar að komi fram að ég hef ekki séð tilboð frá öðrum og finnst leitt að verktökum á svæðinu hefur ekki verið gefinn kostur á að bjóða í verkið.“

12. Breiðarfjarðarnefnd:

Lagt til að Karl Kristjánsson taki sæti í Breiðarfjarðarnefnd í stað Eiríks Snæbjörnssonar sem er fallinn frá.

Samþykkt samhljóða.

13. Sjávarsmiðjan - styrkbeiðni:

Tekin fyrir að nýju styrkbeiðni Sjávarsmiðjunnar að upphæð 245.289.- kr. en sveitarstjórn hefur fundað með forsvarsmanni fyrirtækisins.

Sveitarstjóra falið að semja um þjónustukaup af hendi fyrirtækisins sem nemur allt að framangreindri upphæð.

Mál til kynningar:

14. Bréf frá EFS:

Lögð fram bréf frá EFS varðandi „miklar fjárfestingar og skuldbindingar“ og um neikvæða rekstrarniðurstöðu sveitarsjóðs.

Önnur mál:

15. Erindi frá Jón Kjartanssyni:

Sveitarstjóri kynnti bréf frá Jóni Kjartanssyni. Sveitarstjóra falið að afgreiða málið.

16. Styrkbeiðni frá Skíðafélagi Strandamanna:

Vísað til umsagnar Mennta- og menningarnefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:45
